



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 13. júní 2019

USK2019060019

Borgarráð

***Gervigrasvellir, Þróttur í Laugardal og Leiknir við Austurberg.
- Endurnýjun á vallarlýsingu.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út kaup á búnaði og tilheyrandi framkvæmdir vegna endurnýjunar á vallarlýsingu við gervigrasvelli Þróttar í Laugardal og Leiknis við Austurberg.

Kostnaðaráætlun 2 er 60 mkr. Gert er ráð fyrir að endurnýjun fari fram á árinu 2019.

Greinargerð:

Verkið felst í að setja upp nýjan lýsingarbúnað við núverandi gervigrasvelli Þróttar í Laugardal og Leiknis við Austurberg. Gert er ráð fyrir að núverandi ljósamöstur verði óbreytt. Perur í núverandi lýsingarbúnað eru ófánlegar þar sem framleiðsla þeirra hefur verið bönnuð vegna umhverfissjónarmiða. Nýr búnaður verður LED lýsing sem bæði er orkusparandi og þar með umhverfisvænni en eldri búnaður.

Framkvæmdirnar mynda stofn til innri leigu.

Kostnaðarstaður: 1105.

Kostnaðaráætlun 2: 60 mkr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds